20 festar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru
21. júní en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir c-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefir staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnslánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í tje fyrirmynd að slíkum reglum, og hefir heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í sjereigninni og hinum sameiginlega sjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

21 **LÖG**
27. júní

um

breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll

ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufjelög einnig til bæjarstjórnar og bæjarfjelags Vestmannaeyja. **21** 27. júní

2. gr.

Í stað „5—500“ í 8. gr. komi: 25—500.

3. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 10. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg ákvæði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

FJÁRAUKALÖG
fyrir árið 1924.

22 27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1924, eru veittar kr. 40973.07 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar kr. 300.00.

Til læknisvitjana í Breiðdalshreppi 1923 ..... kr. 300.00